

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 12. apríl 2005 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2004 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, þriðjudaginn 12. apríl 2004 kl. 17:15. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Sveinn Sveinsson, lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Sveinn tók við stjórn fundarins og lagði til að Árni Þór Þorbjörnsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2004.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgangsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 7) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 8) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega og voru þeir auglýstir á heimasíðu sjóðsins þannig að sjóðfélagar hafa getað gengið að því sem vísu hvenær erindum þeirra til sjóðsstjórnar verði sinnt. Einnig hefur stjórnin haldið reglulega vinnufundi með fjárvörsluaðilum. Á árinu var tekin upp sú stefna að vera með

gengisvarnir á eignasafn sjóðsins þannig að fjárvörsluaðilum sé skylt að hafa að minnsta kosti 85% af erlendum eignum varðar fyrir gengissveiflum. Þessar gengisvarnir sagði Friðbert að hefðu gefið góða raun. Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. er ráðgjafi og eftirlitsaðili með fjárvörsluaðilum fyrir hönd stjórnar.

Á árinu var hámark sjóðfélagalána hækkað í 15 milljónir og vextir lækkaðir í 4,3% í kjölfar breytinga sem urðu á húsnæðismarkaði.

Aðalverkefni síðasta árs var að fara yfir lögfræðimálefni sem tengjast réttindum sjóðfélaga og fjalla um dómsmál sem höfðuð hafa verið gegn sjóðnum.

Stjórnin kom með virkum hætti að rekstri sjóðsins á síðasta ári og átti í viðræðum við aðildarfyrirtæki vegna vanda Hlutfallsdeildarinnar.

Hrein eign í Hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris hækkaði á árinu um 1,8 ma.kr. og styrktist staða deildarinnar því verulega á árinu 2004. Greiðandi sjóðsfélögum fer fækkandi og greiddur lífeyrir hefur verið hærri en innborganir sjóðsfélaga líkt og undanfarin ár. Ávöxtun Hlutfallsdeildar var ágæt miðað við varkára fjárfestingastefnu en mestur hluti eigna deildarinnar er í skuldabréfum.

Friðbert fjallaði sérstaklega um að Hlutfallsdeild væri í vanda. Greiðandi sjóðsfélögum fækkar og greiddur lífeyrir er hærri en innborganir sjóðfélaga. Lengri lífaldur þýðir 3% hærri heildarskuldbindingar. Lífeyristaka fyrir 75 ára aldur eykur byrði. Kaupmáttaraukning þeirra sem eru að greiða í sjóðinn eykur byrði þar sem eldri réttindi eru uppreiknuð miðað við launini í dag og launahækkunar umfram samninga SÍB er algerlega á valdi aðildarfyrirtækjanna.

Forsendur við stofnun Hlutfallsdeildar árið 1997 hafa ekki gengið eftir. Ekki er hægt að reka Hlutfallsdeild áfram með óbreyttu fyrirkomulagi vegna kaupmáttaraukningar. Stjórnin hefur verið í viðræðum við aðildarfyrirtækin þar sem tillögur stjórnarinnar hafa verið þær að inngreiðslur fylgi neysluvísitölu, það sem umfram er fari í séreignarsjóð. Þessar viðræður hafa ekki skilað neinum árangri og sagði Friðbert að stefna yrði þingfest á næstu dögum. Stefna þessi verður gegn Landsbankanum þar sem hann er með um 75% skuldbindinga í Hlutfallsdeildinni og þótti því stjórninni rétt að stefna bankanum í þessu prófmáli. Þó hafa nýlegar viðræður við bankastjóra Landsbankans vakið vonir á ný hjá Friðbert um að ekki þurfi að koma til málaferla.

Hrein eign Stigadeildar til greiðslu lífeyris hækkaði um 1.295 m.kr. Sjóðsfélögum fjölga jafnt og þétt og eru þeir nú 1516 og innborganir eru miklu hærri en greiddur lífeyrir. Stigadeildin er vel stödd hvað varðar áfallnar skuldbindingar. Í máli Friðberts kom fram að hann teldi að rétt væri að breyta Stigadeildinni í aldurstengda deild þar sem í slíkri deild skapa iðgjöld réttindi í samræmi við ávöxtunartíma og auðveldara er að flytja réttindi á milli sjóða. Aldurstengda

leiðin er sú leið sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins eru að semja um núna í sínum kjarasamningum.

Aukin tíðni örorku er mikið vandamál fyrir lífeyrissjóði vegna framreiknings réttinda. Friðbert upplýsti að 80% orkorkumála væri vegna geðrænna vandamála eða stoðkerfisvandamála. Slíkum tilfellum hefur því fjölgað gríðarlega og veldur þyngri byrði á lífeyrissjóðum.

Sjóðsfélagar eru rúmlega 6000. Þar af eru 35% eru inngreiðandi, 55% sem eiga geymd réttindi og um 10% eru á lífeyri.

Ávöxtun eigna sjóðsins á síðasta ári var ágæt. Gengisvarnir á erlendar eignir skilaði góðum árangri en Friðbert minnti á að fjárfestingastefna deilda sjóðsins væri mismunandi þar sem Hlutfallsdeildin þyldi ekki sveiflur. Tryggingarfræðileg úttekt sýnir að deildirnar eiga ekki fyrir skuldbindingum sínum og að grípa þarf til aðgerða fyrir Hlutfallsdeildina.

Friðbert fór yfir fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eins og þær liggja fyrir fundinum.

Að lokum fór Friðbert yfir stjórnskipulag sjóðsins og rekstrarfyrirkomulag. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu auk hans, Sigurjón Gunnarsson, Arnór Sighvatsson sem fulltrúar sjóðfélaga og sem fulltrúar aðildarfyrirtækja sátu þeir Friðrik Halldórsson, Haukur Þór Haraldsson og Ingvar Sigfússon. Starfsmenn sjóðsins eru 3 í 2,75 stöðugildum. Sigtryggur Jónsson er framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari.

Deildir sjóðsins eru algerlega aðskildar fjárhagslega þó svo þær séu reknar undir sama þaki til hagræðingar en sama stjórn er yfir þeim báðum. Friðbert varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki væri tímabært að hvor deild sjóðsins fengi sína stjórn þó svo hagkvæmara væri að samreka deildirnar áfram. Málefni deildanna eru í engu sambærileg og því taldi Friðbert rétt að sjóðfélagar veltu þessu fyrir sér.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann fyrir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2004. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign Hlutfallsdeildar lækkaði um 3,78% og raunávöxtunin var 8,00%. Hrein eign Stigadeildar hækkaði um 17,2% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 10,21%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Eftir skýrslu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust. Hinrik Greipsson óskaði eftir að fá að taka til máls og spurði hann Friðbert hversu hátt hlutfall þeirra sem gátu nýtt sér 95 ára regluna hefur í raun nýtt sér hana og einnig vegna hugmynda um breytinga á stigadeild hvort það hafi komið til tals í stjórninni að gera atlögu að ríkinu varðandi það að lífeyrir verði ekki skattlagður sem laun heldur fjármagnstekjur.

Friðbert svaraði Hinrik þannig að 33 sjóðfélagar hafi farið á lífeyri en 10-11 nýtt sér 95 ára regluna á síðasta ári. Forsendan um að 25% þeirra sem geti nýtt sér þessa reglu myndi því halda verði framtíðarþróunin með sama hætti en líkur eru á því að svo verði ekki með tilheyrandi auknum byrðum fyrir sjóðinn. Varðandi hinn lið fyrirspurnarinnar upplýsti Friðbert að slíkt hefði ekki komið til umræðu í stjórn sjóðisins og raunar sagðist Friðbert ekki hafa orðið var við slíka umræðu á vettvangi verkálýðshreyfingarinnar.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingarfræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingarfræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans lágu fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirbyggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða Bjarna var sú að staða Hlutfallsdeildar sjóðsins er sú að skuldbindingar umfram eignir eru 11,8% af skuldbindingum. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 skyldar sú staða sjóðinn til að grípa til aðgerða til að jafna stöðu eigna og skuldbindinga.

Staða Stigadeildar er heldur betri en þó neikvæð um 4,1 %. Staða Stigadeildar er innan þeirra marka sem lög kveða á um varðandi hvenær grípa þarf til aðgerða vegna skuldbindinga umfram eignir.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Yngvi Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. og gerði hann grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2004. Yngvi gerði grein fyrir mismunandi fjárfestingarstefnu hvorrar deildar sjóðsins. Þar sem fjárfestingarstefna Stigadeildar er áhættusæknari er eðlilegt að ávöxtun þar hafi verið hærri en það þýðir líka að sveiflur verða meiri að sama skapi.

Yngvi kynnti árangur fjárvörsluaðila miðað við ákveðna viðmiðunarvísitölu sem hann hefur skilgreint. Ráðstöfun eignaflokka beggja bankanna var sambærileg en frávik frá stefnu skilaði KB banka heldur betri árangri en Landsbanka. Hið sama átti við um árangur við ávöxtun eigna Stigadeildar. Það sem skilur fjárvörsluaðila að er að KB banki náði að gera betur í fjárfestingum í innlendum skuldabréfum.

Enginn óskaði að taka til máls undir þessum lið eða bera fram fyrirspurnir.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu endurkjörnir og var það samþykkt með lófataki.

6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt kr. 40.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 20.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 40.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 20.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhjóða.

7) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.

Stjórn sjóðsins lagði fram neðangreindar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins og upplýsti fundarstjóri að þær hafi verið sendar sjóðfélögum og meðhöndlaðar með þeim hætti sem 7. gr. samþykktu mælir fyrir um.

Friðbert Traustason formaður stjórnar gerði grein fyrir breytingartillögunum fyrir hönd stjórnar:

1. Lagðar eru til neðangreindar breytingar á 2.gr.:

Lagt er til að 3. málslíður greinarinnar verði:

*Skal einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins **og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu.***

Lagt er að nýr málslíður komi í greinina í stað næst síðustu setningar 3. málslíðar, svohljóðandi:

Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr.

Lagt er til, að nýr málslíður komi í stað lokasetningar 3. málslíðar, svohljóðandi:

Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins.

Lagt er til að 9. málslíður greinarinnar, þriðji síðasti, verði:

Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár.

Lagt er til að 10. málslíður greinarinnar, næst síðasti, verði:

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Verði tillögurnar samþykktar mun 2.gr. verða svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn. Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997.

2. Lagt er til að 2. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

Sjóðfélagar eru í samþykktum þessum nefndir þeir:

- **sem taka laun hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins og skyldir eru til að greiða iðgjöld til hans,**
- **sem á hverjum tíma njóta eftirlauna og örorkulífeyris úr sjóðnum, svo og þeir**
- **sem hafa áunnið sér rétt til lífeyris úr honum samkvæmt samþykktum þessum, en hafa ekki hafið töku hans.**

Verði tillögurnar samþykktar, yrði 3. gr. svohljóðandi:

Allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan

þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki, sbr. 9. gr. II. kafla og 18. gr. III kafla. Sjóðfélagar eru í samþykktum þessum nefndir þeir:

- sem taka laun hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins og skyldir eru til að greiða iðgjöld til hans,*
- sem á hverjum tíma njóta eftirlauna og örorkulífeyris úr sjóðnum, svo og þeir*
- sem hafa áunnið sér rétt til lífeyris úr honum samkvæmt samþykktum þesum, en hafa ekki hafið töku hans.*

Undanskildir eru þeir starfsmenn sem eiga skylduaðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem gerast starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins yngri en 16 ára verða ekki sjóðfélagar fyrr en næstu mánaðamót eftir að þeir hafa náð þeim aldri. Sá tími sem iðgjöld eru greidd til sjóðsins vegna sjóðfélaga, telst starfstími hans. Sá starfstími þarf ekki að vera samfelldur. Um aðild stjórnenda og stjórnarmanna fer samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfyrirtækja í samráði við stjórn sjóðsins.

3. Lagt er til að við 1. mgr. 5. gr. bætist málsliðurinn:
sbr. og 54. gr. laga nr. 129/1997.

Verði tillagan samþykkt, yrði 1.mgr. 5. gr. svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans skv. 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997. Leiði rannsókn tryggingafræðings í ljós að misræmi hafi myndast milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Leiði niðurstöður tryggingafræðings í ljós að eignir sjóðsins eða eignir einstakra deilda sjóðsins standi ekki undir skuldbindingum þeirra skal sjóðsstjórn fyrst leita leiða til að bæta ávöxtun sjóðsins eða hækka iðgjöld áður en til skerðinga á réttindum kemur sbr. og 54. gr. laga nr. 129/1997.

4. Lagðar eru til neðangreindar breytingar á 7. gr.:
Í 3. mgr. fellur niður orðið "starfsmannafjöldi" og í stað þess kemur orðið "sjóðfélaga", það er að mgr. hljóði þannig:

*Meirihluti stjórnar hvers aðildarfyrirtækis fer með atkvæði þess en atkvæðavægi einstakra aðildarfyrirtækja skal miðast við fjölda **sjóðfélaga** og ræður meirihluti þannig fenginn afstöðu aðildarfyrirtækja í heild.*

Lagt er til að 1. og 2. málsliður 7. greinarinnar falli niður og nýjir málsliðir í þeirra stað, sem hér segir:

Atkvæðisrétt um breytingar sem einungis snerta einstakar deildir sjóðsins hafa einungis sjóðfélagar og aðildarfyrirtæki viðkomandi deildar. Atkvæðavægi aðildarfyrirtækja þegar fjallað er um breytingar á ákvæðum einstakra deilda sjóðsins ræðst af fjölda sjóðfélaga sbr. 3. gr., í viðkomandi deild, sem aðildarfyrirtæki greiðir iðgjöld fyrir eða hefur greitt. Hafi fleiri en eitt aðildarfyrirtæki greitt iðgjöld vegna sama sjóðfélagans fer atkvæðavægi eftir hlutfalli þess tíma, sem aðildarfyrirtæki hefur greitt iðgjöldin.

5. Lagt er til að g-liður 1. mgr. 8. gr. verði
*Í skuldabréfum með veði í íbúðarhúsnæði. Þó eigi yfir **65%** af áætluðu söluverði eignar. Sé verð ekki fyrir hendi getur sjóðstjórnin látið meta eignina. Til íbúða fyrir aldraða má veita skammtímalán til allt að tveggja ára vegna byggingar eða kaupa.*

Jafnframt er lagt til að 2. málslíður 8. mgr. verði:

*Takmarkanir þessarar greinar á fjárfestingum sjóðsins **miðast við stöðu á þeim tíma, sem fjárfesting er ákveðin.***

6. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 12. gr.

Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar verði:

Uppfylli sjóðfélagi skilyrði 1. mgr. þessarar greinar um inngreiðslur í sjóðinn á hann rétt á framreikningi lífeyris og skal þá hámark hins árlega örorkulífeyris hans vera jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára, þó að hámarki 64%, en annars skal miða við áunnin rétt sjóðfélaga. Örorkulífeyrir tekur verðlagsbreytingum með sama hætti og segir í 2. mgr. 11. gr. Réttur til framreiknings stofnast þó ekki, ef örorka stafar af ofnotkun áfengis, lyfja eða fíkniefna.

7. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 13. gr.

Inn í greinina komi nýjar málsgreinar, sem verði 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Hafi sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða eftir að hann hafði tekið sjúkdóm, sem leiddi hann til dauða og hann vissi eða mátti vita, að svo mundi fara innan þriggja ára, úrskurðar stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki skuli njóta lífeyris úr sjóðnum og eftir atvikum, hvert hlutfall makalífeyris skuli vera.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Fullur makalífeyrir skal vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátíð miðað við 100% örorku.

8. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 15. gr.

Inn í 3. málslíð 1. mgr. komi nýjar setningar þannig að málslíðurinn verði:
Iðgjaldagreiðslur til skemmri tíma en eins árs veita ekki rétt til lífeyris en endurgreiðast inn á lífeyrissparnaðarreikning, sem sjóðfélagi tiltekur, með vöxtum, sem stjórn sjóðsins ákveður, þegar lífeyrisaldri er náð.

Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Iðgjaldagreiðslur sem staðið hafa skemmri tíma en svo, að þær veiti rétt til lífeyris, flytjast í lífeyrissparnaðarreikning, sem sjóðfélagi tiltekur, með vöxtum sem sjóðsstjórn ákveður, þegar lífeyrisaldri er náð. Þessi ákvæði gilda um alla sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir skemmri tíma en svo, að greiðslur veiti rétt til lífeyris, óháð því hvaða samþykktir gíltu, þegar iðgjöld voru greidd eða iðgjaldagreiðslum lauk.

9. Lögð er til eftirfarandi breyting á 16. gr.

Við greinina bætist ný málsgrein, sem verði 1. mgr., svohljóðandi:

Öll réttindi þeirra sem hafið hafa töku lífeyris miðast við þann tíma, sem lífeyrir hefur verið úrskurðaður, svo og réttindi sem afleidd eru af lífeyrisrétti, nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum sem síðar taka gildi.

10. Lögð er til eftirfarandi breyting á 22. gr.

Við greinina bætist 3 nýjar málsgreinar, sem verði síðustu málsgreinar greinarinnar, 11., 12. og 13. mgr., svohljóðandi:

Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 SAL stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum. Skal þá framreikningstíminn stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
(LB stig ca 1,5 SAL stig)

11. Lögð er til breyting á heiti 33. gr., sem verði:
*Endurgreiðsla iðgjalda **erlendra ríkisborgara***

Þegar Friðbert hafði gert grein fyrir hverri breytingu fyrir sig, gaf fundarstjóri orðið laust um breytingar á samþykktum.

Tillaga kom um það úr sal að atkvæði yrðu greidd sérstaklega um 12.gr. 13.gr. og 16.gr. skv. tillögum nr. 6, 7 og 9. Fundarstjóri sá ekki meinbugi á því að verða við þessari tillögu.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls um tillögur stjórnar

Fundarstjóri lét því næst fara fram atkvæðagreiðslu um fyrirbyggjandi tillögur nr. 1-5. og voru þær samþykktar með þorra atkvæða.

Því næst fór fram atkvæðagreiðsla um tillögur nr. 6, 7 og 9 og voru þær tillögur samþykktar.

Atkvæði voru greidd um tillögu nr. 8. og var hún samþykkt.

Breyting skv. tillögu nr. 10 og 11 var að lokum samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

8) Önnur mál

Enginn óskaði að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið laust eftir kl. 19:30. Fundarmenn voru um 50 talsins.

Reykjavík 12. apríl 2005

Fundarstjóri:

Fundarritari: